



## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2015-056-F-007**

Dags: **19. maí 2015**

Staður: **Keflavíkflugvöllur**

Lýsing: **Hreyfill missti afl**

Þann 19. maí 2015 var flugvélin TF-TWO (Cessna 150) í snertilendingum á Keflavíkflugvelli. Flugvélin var með FAA STC S82031CE frá Petersen Aviation sem leyfir notkun bílabensíns á hreyfilinn. Þegar flugmaðurinn flaug biðflug yfir Patterson í um 1500 feta hæð missti hreyfillinn afl. Flugmaðurinn lýsti yfir neyðarástandi og óskaði eftir að fá að koma inn til landingar á flugbraut 29, sem flugumferðarstjórinn samþykkti. Rétt fyrir landingu hrökk hreyfillinn aftur í gang en gekk illa. Flugvélin lenti án vandkvæða.



Við rannsóknina kom í ljós að ísingarskilyrði voru í 2000 fetum. Flugvélin notaði MOGAS (bílabensín 95 okt), og sýndi rannsókn á því fram á að eldsneytið innihélt ekki etanól. Eldsneytið uppfyllti því skilyrði FAA STC S82031CE. Ekkert fannst að flugvélinni. Eftir landingu var hreyfillinn prófaður að rannsakanda RNSA viðstöddum og gekk hann án vandræða. Rannsóknin bendir til þess að ástæða aflmissis hreyfilsins hafi verið blöndungsísing (carburetor icing).

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. september 2015.